

ÚTSKRIFT ÚR FUNDAGERÐARBÓK SVEITARSTJÓRNAR HÚNAÞINGS VESTRA

227. FUNDUR.

227. fundur sveitarstjórnar Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 23. desember 2013 kl. 10:00 í fundarsal Ráðhússins.

Oddviti setti fund.

Mætt undirrituð. Oddviti óskaði eftir að taka á dagskrá undir 4. lið. útsvarsprósentu í Húnaþingi vestra árið 2014. Samþykkt með 7 atkvæðum.

Gengið var til dagskrár.

1. Endurskoðun samnings við Reykjatanga ehf. um rekstur skólabúða að Reykjum í Hrutafirði. Oddviti kynnti.

Lögð fram eftirfarandi tillaga „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir framlagðan samning milli Húnaþings vestra og Reykjatanga ehf. um rekstur skólabúða að Reykjum í Hrutafirði og leigu húsnæðis Reykjaeigna ehf. til sama aðila. Samþykkt að fela sveitarstjóra undirritun samninganna ásamt viðeigandi fylgiskjölum. Jafnframt er sveitarstjóra og starfsmönnum framkvæmda- og umhverfissviðs falið að ljúka gerð gagna er tengjast samningsgerðinni.“ Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

2. Erindi Icelandic Water Export. Oddviti kynnti.

Lögð fram eftirfarandi tillaga „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir að framlengja til 1. júní 2014 ákvæði 2.1 í viðaukasamningi sveitarfélagsins og Icelandic Water Export frá 29. nóv. 2007. Þess er vænst að ekki verði þörf á frekari framlengingu ákvæðisins sbr. framkomnar upplýsingar fyrirtækisins um vinnu við gerð væntanlegra viðskiptasamninga.“ Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

3. Kosningar.

Lögð fram eftirfarandi tillaga „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir að kjósa sveitarstjóra í stjórn Byggðasafns Húnvetninga og Strandamanna í stað Sigríðar Hjaltadóttur frá og með 1. janúar 2014. Sveitarstjórn vill þakka Sigríði Hjaltadóttur fyrir vel unnin störf í þágu safnsins og sveitarfélagsins á liðnum árum. Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 5 atkvæðum. Elín R. Línadal situr hjá við afgreiðslu þessa liðar og telur að rétt hafi verið að skipti á stjórnarmanni ætti að fara fram á framhaldsaðalfundi í upphafi árs.

4. Útsvarsprósentu árið 2014.

Lögð fram eftirfarandi tillaga „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir að álagningarhlutfall útsvars árið 2014 verði 14,52%. Fyrri ákvörðun sveitarstjórnar um álagningu útsvars er breytt vegna rangra upplýsinga er sveitarfélaginu voru gefnar um að óbreytt álagningarhlutfall myndi ekki hafa áhrif á úthlutun tekjujöfnunarframlags úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga Áætlað tekjujöfnunarframlag á árinu 2014 er 57 milljónir. kr. sem myndi falla að öllu leyti niður ef heimild til hámarksálagningar útsvars væri ekki nýtt. Breytingar hafa verið gerðar á lögum um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995. Álagningarhlutfall útsvars hækkar þannig um 0,04% úr 14,48% í 14,52%. Breytingarnar eru í samræmi við efni viðauka sem gerður hefur verið við samkomulag ríkis og sveitarfélaga frá 23. nóvember 2010 um tilfærslu þjónustu við fatlað fólk frá ríki til sveitarfélaga. Gert er ráð fyrir að álagningarhlutfall tekjuskatts lækki um samsvarandi hlutfall þannig að ekki verði um heildarhækkun tekjuskatts og útsvars að ræða. Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundargerð upplesin og samþykkt. Fundi slitið kl.10:51

Leó Örn Þorleifsson.

Stefán Einar Böðvarsson.

Sigurbjörg Jóhannesdóttir.

Elín Jóna Rósinberg.

Ragnar Smári Helgason.

Þorbjörg Inga Ásbjarnardóttir..

Elín R. Líndal.

Skúli Þórðarson, sveitarstjóri.

Guðrún Ragnarsdóttir, fundarritari